

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 28. ágúst 2009

Virk samkeppni grundvöllur endurreisnar

Opinber umræða um málefni Sementsverksmiðjunnar á Akranesi og Aalborg Portland ber þess glöggt merki hversu bágborin staða íslensks atvinnulífs er. Eftirspurn á flestum mörkuðum hefur hrunið og er víðtæk endurskipulagning á rekstri fjölda fyrirtækja því óumflýjanleg. Ein afleiðing slíkrar vinnu er því miður oft og tíðum að eljusamir einstaklingar missa viðurværi sitt og við því verður að bregðast. Áhrifaríkasta leiðin til þess felst í samstilltu átaki um lágmrörkun þjóðhagslegs skaða og skjót viðbrögð til endurreisnar.

Aðgerðir sem efla samkeppni eru veigamikill þáttur slíkrar vinnu, enda hafa rannsóknir sýnt að þær stuðla að hraðari endurreisn atvinnulífs og skjótari efnahagsbata líkt og Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað bent á. Undanfarin misseri hefur því miður gætt viðhorfs af hálfu hins opinbera sem gengur þvert á þessar áherslur. Þannig hafa einstaka ráðamenn jafnvel talað fyrir frávikum á þeim grundvallarleikreglum atvinnulífsins sem samkeppnislöggjöfin er, en slík frávik hafa verið réttlætt með vísan til markmiða þeirra. Tilgangurinn helgi þannig meðalið.

Að þessu sinni er kallað eftir aðstoð hins opinbera við fyrirtæki á samkeppnismarkaði. Umræðan um Sementsverksmiðjuna og Aalborg hefur snúist að miklu leyti um uppruna þeirrar vöru sem fyrirtækin selja. Þetta eru bæði íslensk fyrirtæki með innlent vinnuafli og greiða skatta í ríkissjóð, uppruni vörunnar skiptir því litlu í þessu samhengi. Umræðan ætti þannig fyrst og fremst að snúast um hvernig skuli leysa úr rekstrarvanda fyrirtækja þannig að þjóðhagslegt tjón verði lágmarkað og endurreisninni hraðað – til hagsbóta fyrir samfélagið allt. Niðurgreiðsla eða stuðningur við óhagkvæma starfsemi með opinberum ívilnunum og verndarstefnu er ekki heppileg leið í þessum efnum. [Lesið áfram ...](#)

Erlend fjárfesting og samkeppni á orkumarkaði

Fréttir af málefnum HS Orku og aðkomu erlendra aðila að félaginu hafa vakið upp grundvallarspurningar um framtíðarskipan orkumála hérlendis. Hagkvæm nýting orkuauðlinda hefur mikla efnahagslega þýðingu fyrir land og þjóð og því eðlilegt að hugað sé vandlega að því hvernig tryggja megi að ábati hennar sé sem mestur. Út frá hagkvæmni- og samkeppnissjónarmiðum má hins vegar draga í efa að hugsanleg íhlutan hins opinbera í málefni HS Orku, þar sem opinbert eignarhald er leiðarljósið, sé rétta leiðin.

Hvað hagkvæmni varðar þá er ljóst að ábati af orkunýtingu er bundinn þeim takmörkunum að hann

byggir á viðamiklum og fjármagnsfrækum framkvæmdum. Slíkar fjárfestingar geta þá til lengri tíma litið skapað þjóðarþúinu mikilvægar gjaldeyristekjur og viðhaldið jafnframt atvinnustigi. Þær aðstæður sem nú eru uppi í efnahagslífinu kalla beinlínis á slíkar framkvæmdir, líkt og stöðugleikasáttmálinn ber með sér. Erfitt er hins vegar að sjá hvernig slíkum verkefnum verður hrint í framkvæmd við núverandi aðstæður með ríkið sem fjárhagslegan bakhjarl. Áhættuverkefni sem þessi ættu jafnframt almennt ekki að vera fjármögnuð af skattgreiðendum, enda utan þess ramma sem þjónustuframboð hins opinbera fellur undir. Að auki má ekki horfa framhjá því, þó það eigi vissulega ekki ráða för, að þörf þjóðarþúsins fyrir erlenda fjárfestingu hefur aldrei verið meiri.

Þá skiptir jafnframt miklu að líta til samkeppnisaðstæðna og mikilvægi þess að tryggja virka samkeppni á orkumarkaði. Til margra aðgerða hefur verið gripið til að leggja grunn að því að svo verði. Hér má einkum nefna aðskilnað samkeppnis- og einkaleyfisþátta orkufyrirtækja og breytingar á raforkulögum árið 2005 sem gerðu öllum kleift að velja sér raforkufyrirtæki. Í tengslum við hugsanleg kaup hins opinbera á stórum hlut í HS Orku verður einnig að líta til rökstuðnings Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun þess er varðaði kaup Orkuveitu Reykjavíkur á hlutum í Hitaveitu Suðurnesja. Þar var litið svo á að stærð eignarhlutar OR í keppinaut sínum, Hitaveitu Suðurnesja, skapaði mikla hættu á samræmdum aðgerðum þessara félaga á markaði þar sem veruleg samþjöppun var þegar til staðar. Stafaði þetta af þeim stjórnunaráhrifum og þeirri hagnaðarhlutdeild sem fylgdi umræddum hlut OR. Af þeim sökum taldi eftirlitið kaupin geta raskað samkeppni og því ekki í samræmi við samkeppnislög. Ekki verður betur séð en að aðkoma ríkisins og Reykjavíkurborgar, sem eigendur Landsvirkjunar og Orkuveitunnar, falli undir framangreind sjónarmið Samkeppniseftirlitsins. [Lesu áfram ...](#)

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Verðbólga hefur ekki mælst minni frá því í mars í fyrra**, en verðbólga minnkaði um 0,4% frá síðasta mánuði. Flestir greiningaraðilar gera ráð fyrir hraðri lækkun á 12 mánaða verðbólgu það sem eftir lifir ársins.
- **Afgangur á öðrum ársfjórðungi þessa árs af vöru- og þjónustuviðskiptum nemur um 26 mö. kr.,** skv. tölum Hagstofunnar en ríflega 11 ma. kr. halli var á sama tíma í fyrra. Seðlabankinn spáir að halli á

viðskiptum við útlönd verði um 7% af landsframleiðslu þetta árið samanborið við 43% í fyrra.

- **Hlutabréfaverð í Asíu og Evrópu heldur áfram að hækka**, en vísitölur víða um heim hafa hækkað töluvert undanfarnar vikur.
- **Dregið hefur úr gjaldþrotum fyrirtækja**, en skv. tölum Hagstofunnar nam aukning gjaldþrota milli ára í júnímánuði 29% en að júlí liðnum nemur heildaraukningin rúmlega 20% milli ára.
- **Úrvalsvísitalan hækkaði í vikunni sem leið** og hefur vísitalan hækkað um rúm 17% undanfarna þrjá mánuði.
- **Fasteignaviðskipti eru að taka við sér í Bandaríkjunum**, en sala á nýjum íbúðum hefur aukist fjóra mánuði í röð. Er þetta talið til marks um að væntingar neytenda vestanhafs séu að aukast.
- **Skuldatryggingarálag á ríkissjóð hefur lækkað undanfarnar vikur** og stendur álagið í 426 punktum eins og er, sem Seðlabankinn telur geta stafað af jákvæðri þróun héraendis að undanfögnu og nefnir þar endurskipulagningu bankana, aðildarumsókn að ESB og aukið aðhald í ríkisfjármálum.
- **Samkomulag hefur náðst við Pólland um 200 milljón dollara lán til Íslands**, en stefnt er að því að samningur þess efnis verði undirritaður um næstu mánaðarmót.
- **Heildarvelta Innovit sprotafyrirtækja fer yfir 300 mkr. á þessu ári** en um 106 ný störf hafa orðið til á einu ári.

Góða helgi.